



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 2. FUNDUR Á VORÖNN 2013
ÞRIÐJUDAGINN 29. JANÚAR KL. 10:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot (sjá minnisblað)

Umsóknir um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

Afgreiðsla umsókna um skerta tímasókn og undanfarabrot er send á netföng nemenda hér í skólanum.

C. Önnur bréf

- Nemandi óskar eftir tilliðrun í síðasta tíma á miðvikudögum: Samþykkt
- Niðurstöður vegna endurmats á lokaprófum haust 2012:
Farið var aftur yfir lokapróf tveggja nemenda og niðurstaðan var óbreyttar einkunnir.

2. Skólasókn og skólasóknarreglur

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir skólasókn fyrstu þriggja vikna annarinnar. Of stutt er liðið á önnina til að hægt sé að alhæfa um skólasóknina.

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Undirbúningur árs hátíðar er langt kominn og NFFG getur kynnt hann á Opna fundinum í næstu viku, 6. 02. Stefnt er á að halda sama verði og í fyrra. Skólaþing FG verður haldið 6. feb. og vonast er til að nemendur verði fjölmennasti hópurinn, næst foreldrar og svo starfsfólk skólans.

4. Önnur mál

Fundinn sátu:

Atli Guðnason fulltrúi kennara
Anna G. Hugadóttir námsráðgjafi
Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Jenna Karen Sigurðardóttir forseti NFFG
Jón Þórarinn Úlfsson fulltrúi nemenda
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi